

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 32/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sæmundi Þór Sæmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. september 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar hvað ákærða einan varðar, en meðákærði í héraði vildi una héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er tekur til sakarmats, færslu til refsíákvæða og ákvörðunar refsingar.

Skaðabótakrafan í máli þessu, 45.000,00 krónur, er vegna viðgerða á dyrabúnaði á húsi því sem ákærði braust inn í, 35.000,00 krónur, og 10.000,00 krónur vegna ýmissa óþæginda og vinnutaps kröfuhafa. Krafan er vanreifuð. Við löreqlurannsókn var kröfuhafa gefinn kostur á að bæta úr því, en hann kvaðst ekki telja neinn möguleika á, að sökunautar greiddu bætur og því ekki ástæða til að sundurliða eða rökstyðja kröfuna frekar. Að svo komnu voru ekki efni til að hafa hana uppi í málinu, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því að skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Sæmundur Þór Sæmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,

Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. september 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 2. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, er háð var í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 468 - 469/1987: Ákærvaldið gegn X og Sæmundi Þór Sæmundssyni, er dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara útgefnu 27. maí 1987 á hendur „X og Sæmundi Þór Sæmundssyni, Kleppsvegi 28, fæddum í Reykjavík 30. september 1963, báðum til heimilis í Reykjavík, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 6. ágúst 1986 brotist inn í verslunina Báru, Hafnargötu 6, Grindavík, og stolið þar um 4.000 krónum, 6 leðurjökkum, 59 vindlingalengjum og sælgæti, brotist jafnframt inn í myndbandaleiguna Myndsel í sama húsi og stolið þar myndbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði er sakferill ákærða X sem hér segir:

- Sakferill ákærða, Sæmundar Þórs, er sem hér segir:
- 1979: Uppvis að þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.
 - 1979: Sakfelldur fyrir þjófnað. Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.
 - 1980: 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir nytjastuld.
 - 1980: 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir hlutdeild í nauðgun.
 - 1983: 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað.
 - 1983: 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir hylmingu.
 - 1984: 9 mánaða fangelsi, þar af 6 mánuðir skilorðabundnir í 2 ár fyrir þjófnað.
 - 1984: Sakfelldur fyrir þjófnað, ekki gerð refsing.
 - 1984: 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár og 15.000,- króna sekt fyrir skjalafals.
 - 1986: 10.000,- kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Auk þess hefur ákærði sæst á sektargreiðslur vegna áfengis-, umferðar- og fíknilagabrota.

Málavextir:

Aðfaranótt 6. ágúst 1986 brutust ákærðu í félagi inn í verslunina Báru í Grindavík. Notuðu þeir vörubilsgefli til að brjóta upp hurð á suðurgafli hússins. Þarna í versluninni stálu þeir peningum, leðurjökkum, vindlingum og sælgæti svo sem upp er talið í ákærinni, nema hvað fjöldi vindlinga-lengnanna er samkvæmt gögnum málsins 51 og 8 lausir pakkar að auki. Þá fóru þeir inn í myndbandaleiguna Myndsæl, sem er í sama húsi og verslunin Bára, með því að klifra yfir skilvegg. Þar stálu þeir myndbandstæki. Þýfið fluttu þeir heim til sín og földu. Fannst það þar daginn eftir og komst allt til skila.

Ákærðu hafa bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt innbrotshjófnað að þennan.

Eigandi verslunarinnar Báru, Björn Haraldsson, hefur krafist 45.000,00 króna í skaðabætur vegna skemmda á hurð og óþæginda vegna innbrotshjófnaðs. Ákærðu hafa samþykkt að greiða þessa kröfu.

Niðurstöður:

Með játningum ákærðu, sem studdar eru öðrum gögnum málsins, er sannað að þeir hafi gerst sekir um verknad þann, sem þeim er gefinn að sök í ákæruskjali og réttilega er þar færður til refsíákvæðis. Vindlingalengjurnar verða þó taldar 51 og 8 pakkar en ekki 59 eins og segir í ákærinni.

Refsingu ákærða X ber að ákveða með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Sæmundur Þór var 1/10 1984 dæmdur í 7 mánaða fangelsi skil-orðsbundið í 3 ár. Með verknadi þessum hefur hann rofið skilorðið. Ber nú að taka dóm þennan upp og dæma með þessu máli. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Ákærðu hafa samþykkt framkomna skaðabótakröfu og verða þeir því dæmdir óskipt til að greiða Birni Haraldssyni 45.000,- krónur.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði, Sæmundur Þór Sæmundsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærðu greiði óskipt Birni Haraldssyni 45.000,- krónur.

Ákærðu greiði sakarkostnað óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.